

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2008

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 25,4 ma.kr., sem er 1,9 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 4,6 ma.kr. meiri en í fyrra á meðan gjöldin jukust um 3,3 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 24,4 ma.kr. en var neikvæður um 6,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

### **Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2008**

<i>(Í milljónum króna)</i>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>	<u>2008</u>
Innheimtar tekjur	24.204	29.894	41.132	51.972	56.587
Greidd gjöld	24.737	25.338	25.508	28.339	31.597
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-533</b>	<b>4.556</b>	<b>15.624</b>	<b>23.633</b>	<b>24.990</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-672	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	-590	-1.901	-1.698	-115	420
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-1.795</b>	<b>2.655</b>	<b>13.926</b>	<b>23.518</b>	<b>25.410</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>204</b>	<b>3.219</b>	<b>-1.077</b>	<b>-30.342</b>	<b>-1.051</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-1.591</b>	<b>5.874</b>	<b>12.849</b>	<b>-6.824</b>	<b>24.359</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-17</b>	<b>-11.135</b>	<b>-4.049</b>	<b>-60</b>	<b>-576</b>
Innanlands	-17	-2.142	-4.049	-60	-576
Erlendis	-	-8.994	-	-	-
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-625</b>	<b>-</b>	<b>-330</b>	<b>-330</b>	<b>-330</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður, brúttó</b>	<b>-2.233</b>	<b>-5.261</b>	<b>8.470</b>	<b>-7.214</b>	<b>23.453</b>
<b>Lántökur</b>	<b>7.674</b>	<b>5.563</b>	<b>1.532</b>	<b>31.861</b>	<b>-3.550</b>
Innanlands	8.012	-3.431	1.532	31.861	-3.550
Erlendis	-338	8.994	-	-	-
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>5.442</b>	<b>302</b>	<b>10.002</b>	<b>24.647</b>	<b>19.903</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs í janúar námu 56,6 ma.kr. sem er 9,3% aukning frá janúar 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 54,2 ma.kr. sem er 9,5% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 3,7% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrartekjur aukast um 6,7% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 31,7 ma.kr. sem er 5,7% aukning frá árinu 2007. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 7,9 ma.kr. og lækkaði um 9,6% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 0,3 ma.kr. Skattur af fjármagnstekjum nam 23,5 ma.kr. og jókst um 17,2% miðað við sama tímabil í fyrra, en innheimta hans fer að stærstum hluta fram í janúarmánuði hvert ár. Eignarskattar jukust um 40% frá fyrra ári og námu 831 m.kr., þar af námu stimpilgjöld 629 m.kr.

Innheimta veltuskatta nam 17,1 ma.kr. í janúar og jókst um 17,2% frá fyrra ári eða sem nemur 11,4% að raunvirði eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysliverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 12,5 ma.kr. og jókst um 18,7% á milli ára eða 12,9% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi lækkuðu að raunvirði um 2,5% að raunvirði. Önnur vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 90% að raunvirði og olíugjaldið um 1,7% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 10,3% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 14% frá sama tíma í fyrra og námu um 850 m.kr. og innheimta tryggingargjalda er sú sama og í janúar 2007.

**Greidd gjöld** nema 31,6 ma.kr. og hækka um 3,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 11,5%. Mest munar um eins milljarðs hækkun til menntamála eða 21% og vegur lánasjóður námsmanna þar þyngst með um 500 m.kr. hækkun á milli ára. Almannatryggingar og velferðar-mál hækka um 0,6 milljarða milli ára eða 11%, og heilbrigðismál um 0,5 ma.kr. eða 6,8%. Þessir þrjú málaflokkar veiga langþyngst í heildarútgjöldum ríkisins og eru með tæplega 2/3 hluta útgjaldanna.

**Lánsfjárjöfnuður** ríkissjóðs er jákvæður um 23,5 ma.kr. í janúar, en lánsfjárþörfin var 7,2 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður nam 24,4 ma.kr. Í janúar var gerður upp ríkisvixill að fjárhæð 3,5 ma.kr.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar 2008**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>39 043</b>	<b>49 532</b>	<b>54 218</b>	<b>37,6</b>	<b>26,9</b>	<b>9,5</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>25 445</b>	<b>29 976</b>	<b>31 697</b>	<b>54,3</b>	<b>17,8</b>	<b>5,7</b>
Tekjuskattur einstaklinga	7 766	8 714	7 880	7,2	12,2	-9,6
Tekjuskattur lögaðila	4 143	1 232	333	942,5	-70,3	-72,9
Skattur af fjármagnstekjum	13 535	20 030	23 484	53,0	48,0	17,2
<b>Eignarskattar</b>	<b>810</b>	<b>594</b>	<b>831</b>	<b>11,2</b>	<b>-26,8</b>	<b>40,0</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>9 324</b>	<b>14 560</b>	<b>17 057</b>	<b>14,2</b>	<b>56,2</b>	<b>17,2</b>
Virðisaukaskattur	5 370	10 560	12 532	9,4	96,6	18,7
Vörugjöld af ökutækjum	732	441	864	20,6	-39,7	95,8
Vörugjöld af bensíni	834	814	777	2,0	-2,5	-4,5
Skattar á olíu	451	516	555	91,1	14,4	7,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	830	865	894	4,6	4,3	3,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	1 107	1 364	1 435	38,0	23,2	5,3
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>295</b>	<b>748</b>	<b>854</b>	<b>24,8</b>	<b>153,8</b>	<b>14,0</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>57</b>	<b>56</b>	<b>153</b>	<b>39,2</b>	<b>-1,3</b>	<b>170,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>3 111</b>	<b>3 598</b>	<b>3 626</b>	<b>15,0</b>	<b>15,7</b>	<b>0,8</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>38</b>	<b>35</b>	<b>-</b>	<b>-29,6</b>	<b>-8,0</b>	<b>-100,0</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>2 037</b>	<b>2 219</b>	<b>2 369</b>	<b>38,3</b>	<b>8,9</b>	<b>6,7</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>14</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>41 132</b>	<b>51 786</b>	<b>56 587</b>	<b>37,6</b>	<b>25,9</b>	<b>9,3</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar 2008**

	<b>Milljónir króna</b>			<b>Breyting frá fyrra ári, %</b>	
	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Almenn opinber þjónusta	3 003	3 332	3 862	10,9	15,9
þar af vaxtagreiðslur	512	639	1 080	24,8	69,1
Varnarmál	136	33	84	-75,7	155,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	820	1 173	1 250	43,1	6,5
Efnahags- og atvinnumál	2 590	3 564	3 294	37,6	-7,6
Umhverfisvernd	210	271	167	29,3	-38,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	43	32	43	-25,2	34,3
Heilbrigðismál	7 110	7 084	7 569	-0,4	6,8
Menningar-, íþróttar- og trúmál	1 422	1 739	1 763	22,3	1,4
Menntamál	4 545	4 887	5 915	7,5	21,0
Almannatryggingar og velferðarmál	5 161	5 694	6 318	10,3	11,0
Óregluleg útgjöld	468	530	1 331	13,2	151,3
<b>Gjöld alls</b>	<b>25 508</b>	<b>28 339</b>	<b>31 597</b>	<b>11,1</b>	<b>11,5</b>